Borgarholtsskóli

FÉL3F05 Afbrotafræði

Námsáætlun, vorönn 2024

Kennari/kennarar:	Netfang/netföng:
Magnús Einarsson	magnus.einarsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er leitast við að kynna helstu kenningar, sjónarhorn og viðfangsefni afbrotafræðinnar, eða á því sviði sem kallast félagsfræði frávika. Ekki eru öll frávik afbrot, en vissulega eru öll afbrot frávik (deviance). Þótt aðallega verði fengist við afbrotafræði (criminology) verður athyglinni einnig beint að sakfræði (criminal justic). Með afbrotafræði er átt við umfjöllun um tíðni og eðli afbrota í samfélaginu. Í þessu samhengi verða helstu kenningar afbrotafræðinnar um ástæður afbrota kynntar. Með sakfræði er átt við það þegar sakfræðingar fjalla um réttarvörslukerfið sjálft, s.s. hlutverk lögreglu, dómstóla og fangelsa. Eitt meginmarkmið áfangans er að fá nemendur til að skynja afbrot sem hluta af félagslegu umhverfi. Rætt verður um umfang afbrota í íslensku samfélagi og sakamál skoðuð út frá mismunandi sjónarhornum. Grundvallarspurning áfangans má orða svona: „Er það svo að félagslegt umhverfi ýti fólki út í afbrot?“ Ef svo er, hvernig má skýra það, og hvaða afleiðingar hefur svarið fyrir viðhorf okkar til afbrota og refsinga?

Þekking, leikni, hæfni:

- kunni skil á helstu sjónarhornum og kenningum afbrotafræðinnar
- geti beitt kenningum afbrotafræðinnar á valið efni; aðstæður, hegðun, texta eða kvikmynd
- átti sig á muninum á frávikum og afbrotum
- kunni að varast þá fordóma sem spretta upp í kringum umræðu um félagsleg frávik
- geti hagnýtt sér upplýsingar úr opinberum skýrslum til samanburðar á mismunandi afbrotaflokkum og mismunandi tíðni milli ára eða áratuga.
- geri sér glögga grein fyrir samfélagslegu samhengi afbrota og dómsmála
- geti framkvæmt sjálfstæða heimildarannsókn á afmörkuðu sviði í tengslum við afbrot eða refsingar

Námsmat:

Próf (14%)
Verkefnahefti (4x6%)
Verkefni um hegningarlög (10%)
Kvikmyndaverkefni (8%)
Þemaverkefni (2x12%)
Verkefni um ársskýrslur lögreglu (10%)
Verkefni um fullnustu refsinga og meðferð sakamála (10%)

Námsgögn:

FÉL3F05. Afbrotafræði. *LESHEFTI.* Háskólaprent.
FÉL3F05. Afbrotafræði. *VERKEFNAHEFTI*. Háskólaprent.
Nemendur kaupa lesheftið og verkefnaheftið í gegnum vefverslun Háskólaprents.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:
Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku. Undir heimanám fellur að lesa reglulega í kennslubókinni fyrir hverja kennslustund.
Mikil áhersla er á verkefnavinnu í kennslustundum og á þetta við um vinnu í verkefnaheftinu.
Mikilvægt er að mæta bæði með leshefti og verkefnahefti í kennslustundir.
Símanotkun í kennslustundum er almennt ekki leyfileg nema kennari gefi sérstakt leyfi til þess.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	5. jan.	Kynning á áfanga.	
2	8. - 12. jan.	Hvað eru frávik? Hvað eru afbrot? Hvað er réttarríki? Sjónarhorn og viðfangsefni afbrotafræðinnar. Líffræðilegar kenningar um afbrot.	
3	15. - 19. jan.	Siðrofs- og álagskenning. Kenning um félagsmótun (aðgreinandi tengsl).	**Skil 1**
4	22. - 26. jan.	Taumhaldskenningar. Kenningar um menningarkima.	
5	29. jan. - 2. feb.	Stimplunarkenningar. Átakasjónarhorn og femínismi.	**Skil 2** **Próf 1**
6	5. - 9. feb.	*Boyz N the Hood* og kenningar í afbrotafræði.	***Kvikmynd*** *Skóhlífadagar* *Undirb./úrv.*
7	12. - 16. feb.	Þemaverkefni 1	*Vörðuvika I*
8	19. - 23. feb.	Þemaverkefni 1 - kynning	*Vorhlé mánudag og þriðjudag.*
9	26. feb. – 1. mars.	Tegundir afbrota og afbrotatölfræði	**Skil 3**
10	4. - 8. mars	Erlendar og íslenskar rannsóknir	
11	11. - 15. mars.	Erlendar og íslenskar rannsóknir	**Skil 4**
12	18. - 22. mars	Lög um fullnustu refsinga og meðferð sakamála	*Undirb./úrv.* *Vörðuvika II.*
13	25. mars - 1. apr.	PÁSKALEYFI	
14	2. – 5. apr.	Almenn hegningarlög	
15	8. – 12. apr.	Almenn hegningarlög - kynning	
16	15. - 19. apr.	Ársskýrslur lögreglu	
17	22. – 26. apr.	Ársskýrslur lögreglu - kynning	*Sumardagurinn fyrsti*
18	29. apr. – 3. maí	Þemaverkefni 2	*Dagur verkalýðsins*
19	6. – 10. maí	Þemaverkefni 2 - kynning	*Uppstigning.dagur*
20	13.-17. maí	Samantekt og einkunnaskil	*Síðasti kennsludagur*

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Með von um farsæla önn,

Magnús